AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð einbýlishúsa og annars sérbýlis í Reykjavík, Kópavogi, á Seltjarnarnesi, í Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi og Mosfellsbæ hækki um 24% og verði framreikningsstuðull skv. því 1,24.
2. Í Keflavík og Njarðvík hækki íbúðarhúsnæði um 28% og aðrar fasteignir, þar með taldar lóðir um 20%.
   Framreikningsstuðlar verði skv. því 1,28 og 1,20.
3. Á Akureyri hækki íbúðarhúsnæði um 44% og lóðir um 29%.
   Framreikningsstuðlar verði því 1,44 og 1,29.
4. Annað íbúðarhúsnæði í þéttbýli hækki um 34% og síðan allar aðrar fasteignir, þar á meðal lóðir, um 24%.
   Framreikningsstuðlar verði skv. því 1,34 og 1,24.
5. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, er gildi tók 1. desember 1986, ásamt sérstökum breytingum og leiðréttingum ákveðnum af fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftareglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar, er Fasteignamat ríkisins hefur gert á einstökum eignum, svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum, er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1987.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 474 18. nóvember 1986.

Fjármálaráðuneytið, 20. nóvember 1987.

F. h. r.
Þórhallur Arason.

Björn Hafsteinsson.